
307. Kolbeinn Óttarsson Proppé (Innlæg)

Forseti. Ég ætla ekki að fara neitt sérstaklega mörgum orðum um innihald tillögunnar. Lorena, fulltrúi okkar í norræna græna vinstriinu, kemur hér á eftir og rekur það betur. Ég vil þó segja að í vinnu nefndarinnar og í því áliti sem hún skilar af sér finnst mér koma fram nægilega margar spurningar til að við stöldrum við hér og veltum því fyrir okkur hvort við þurfum ekki að gera eitthvað í þessum málum. Það er alþekkt að til eru dæmi um slæma meðferð á börnum sem eru tekin, rænt og síðan ættleidd af hvítum foreldrum í velferðarríkjum. Ein slík saga, sem sönnuð er, ætti að vera nóg til þess að við stöldrum við og veltum því fyrir okkur hvort ekki þurfi að gera eitthvað. Þess vegna var ég ósáttur við að nefndin skyldi ákveða að aðhafast ekkert frekar með þetta mál. Ég virði þau sjónarmið vissulega, þeirra sem eru á móti því að gera eitthvað í þessum málum, og lagði til að þetta yrði einfaldlega borið upp hér í þinginu. Ég gerði þann fyrirvara í nefndinni að það verði einfaldlega kosið um það að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna að vinna að því í sameiningu að stöðva ættleiðingar frá einræðisríkjum og ótryggum löndum. Það er ekki eins og þetta sé sérstaklega róttæk tillaga, þetta er tillaga um að Norðurlandaráð beini því til ríkisstjórna Norðurlandanna að vinna að sameiginlegri stefnu í þessu. Ef ekki hvað varðar velferð barna, hvenær er þá mikilvægt að Norðurlandaráð hafi sameiginlega stefnu? Hér finnst mér hafa verið rætt um, bæði hér áðan og í vinnu nefndarinnar, að þetta eigi ekki heima sameiginlega á borði ríkisstjórna. Á velferð barna ekki heima á sameiginlegu borði ríkisstjórna Norðurlandanna? Þá hef ég eitthvað misskilið umfang og eðli Norðurlandasamstarfsins. Ég hvet ykkur því til að taka undi þennan fyrirvara, að við kjósum einfaldlega um það hér og beinum þessum tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna því að þannig setjum við meiri pressu á að þessi mál komist í lag og það viljum við öll hér inni, það

veit ég.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag kommer inte att säga särskilt mycket om förslagets innehåll. Lorena, talesperson för oss i Nordisk grön vänster, kommer att berätta mer om det lite senare. Jag vill ändå nämna att utskottets arbete och det betänkande som har lämnats innehåller enligt min mening tillräckligt många frågor för att ge oss en tankeställare och för att vi ska börja undra om tiden inte nu har kommit för att göra något åt det här. Det är välkänt att det finns exempel på dålig behandling av barn som kidnappas för att sedan bli adopterade av vita föräldrar i välfärdsstater. En enda sådan berättelse som visar sig vara sann borde räcka för att vi ska stanna upp och undra om inte något måste göras. Därför var jag missnöjd med utskottets beslut att inte arbeta vidare med detta. Jag respekterar visserligen den synpunkten, deras synpunkt som är emot att man gör någonting åt detta, och jag föreslog att frågan helt enkelt skulle tas upp här under sessionen. I utskottet reserverade jag mig för att Nordiska rådet helt enkelt skulle rösta om en rekommendation till de nordiska regeringarna att samarbeta om att sätta stopp för adoptioner från diktaturländer och länder med osäkra förhållanden. Det handlar i och för sig inte om ett särskilt radikalt förslag, utan ett förslag om att Nordiska rådet rekommenderar att regeringar i de nordiska länderna tar fram en gemensam strategi på detta område. Om man inte kan göra det när det gäller barns välfärd, när är det då viktigt för Nordiska rådet att ha en gemensam strategi? För mig tycks det som om man här har menat, både tidigare i dag och i utskottets överläggningar, att frågan inte hör hemma på regeringarnas gemensamma bord. Hör barns välfärd inte hemma på de nordiska regeringarnas gemensamma bord? I så fall har jag på något sätt missförstått det nordiska samarbetets omfång och natur. Därför uppmanar jag er att ställa er bakom denna reservation så att vi helt enkelt röstar om frågan och skickar rekommendationen till de nordiska ländernas regeringar, för att vi på det viset sätter ytterligare press på att dessa frågor sköts på ett bra sätt, och det vill vi alla här inne, det vet jag.

Information

Talenummer

307

Type

Indlæg

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Talerrolle

Nordisk grøn vänsters talesperson

Dato

30.10.19 18:04

